



# ÖRYGGI OG VINNUVERND Í LANDBÚNAÐI



ER ÞITT BÚ  
ÖRUGGUR  
OG GÓÐUR  
VINNUSTAÐUR?

**Útgefandi:** Bændasamtök Íslands, janúar 2016

**Ritstjórn og þýðing:** Tjörvi Bjarnason

**Hönnun forsíðu:** Port hönnun

**Umbrot og myndvinnsla:** Prentsníð

**Ljósmynd á forsíðu:** Tjörvi Bjarnason

**Dreifing:** Íslandspóstur

**Prentun:** Litróf

ISBN 978-9979-885-07-8

**Myndskreytingar:** Rolf Skøien og Þorsteinn Davíðsson. Birtar með góðfúslegu leyfi Gjensidige.

Heftið er þýtt og staðfært úr norsku leiðbeiningaefni frá Landbrukets HMS-tjeneste.

**Þakkir:** Bjarni Guðmundsson, Bjarni Ólafsson, Björn Karlsson, Eiríkur Blöndal, Guðmundur Gunnarsson, Guðmundur Hallgrímsson, Guðmundur Sigurðsson, Guðrún Björk Kristjánsdóttir, Hlynur Angantýsson, Ingibjörg Hafstað, Jan Elvang, Jóhann Ólafsson, Katrín H. Andrésdóttir, Knut Martin Glesne, Kristín Indriðadóttir, Magnús Sigsteinsson, Rolf Skøien, Sveinn Sigurmundsson.

**Styrktaraðili:** Framleiðnisjóður landbúnaðarins

# Inngangur

Á Búnaðarþingi 2013 var ályktað um að koma á fót verkefni þar sem unnið yrði að öryggis- og heilsuverndarmálum bænda. Starfshópur var settur á laggirnar sem mótaði hugmyndir og úr varð að stofna til sérstaks vinnuverndarverkefnis þar sem markmiðið var að fækka slysum í landbúnaði og stuðla að góðu vinnuumhverfi og bættri ásýnd bæja.

Sótt var í smiðju Norðmanna sem hafa rekið árangursríkt vinnuverndarstarf um árabíl. Þessi bæklingur er þýddur úr norsku og staðfærður með góðfúslegu leyfi Norðmanna.

Á bændafundum hafa öryggis- og vinnuverndarmál verið til umræðu á síðustu misserum. Mikill meðbyr er meðal bænda

að gefa þessum málefnum gaum. Of mörg slys verða á býlum og nauðsynlegt að spyrna við fótum. Það er líka full ástæða til þess að huga að heilsu bænda og efla vitund um að fara vel með sig. Það mun skila sér með bættem búskaparháttum og betri afkomu þegar til lengdar lætur.

Með þessu riti, sem dreift er á öll lögbýli landsins, vilja Bændasamtökin vekja bændur til umhugsunar um mikilvægi þess að standa vel að öryggis- og vinnuverndarmálum í landbúnaði.

*Sindri Sigurgeirsson*  
*formaður Bændasamtaka Íslands*



# Efnisyfirlit

## Brunahætta

Landbúnaðarbyggingar .....	5
Raftæki og frágangur á rafmagni .....	5
Rafmagnsinntak og rafmagnstafla .....	5
Jarðtenging og bilunarstraumrofar .....	6
Yfirspenna .....	6
Laustengd vinnuljós og leiðslur .....	6
Sjálfsíkveikja í heyi og hálmí .....	7
Hvað gerist við ofhitnun í fóðri? .....	7
Hvernig er hægt að fyrirbyggja og bregðast við ofhitnun? .....	7
Kröfur um eldvarnir í landbúnaðarbyggingum .....	8
Byggingarefni gripahúsa .....	8
Öryggi búfjár .....	8
Vélaskemmur .....	8
Verkstæðisaðstaða .....	9
Slökkvibúnaður .....	10
Eftirlit með rafmagni .....	12
Brunaviðvörðunarkerfi .....	12

## Slys

Bærinn minn – er hann öruggur og góður vinnustaður? .....	13
Slys við meðhöndlun búfjár .....	14
Óhöpp í útihúsum .....	14
Fallhætta .....	15
Lýsing .....	16
Dráttarvélar og aðrar vinnuvélar .....	16
Hættulegar gastegundir .....	18
Skógarhögg .....	19
Öryggi barna á búinu .....	20

## Dráttarvélar á ferð

Keyrsla á vegum .....	22
Er farmurinn öruggur? .....	23
Takið tillit til annarra í umferðinni .....	23
Beltin spennat .....	23
Er bíllinn þinn búinn loftpúðum? .....	23
Börn og vélknúin ökutæki .....	23

## Heilsufar

Ert þú í réttum vinnustellingum? .....	24
Hávaði .....	24
Hættuleg efni .....	25
Ryk .....	25
Punglyndi – kvíði og vanlíðan .....	26
Er kroppurinn í lagi? .....	26

## Búfjárjúkdómar og varnir gegn þeim

Skilgreiningar á sjúkdómum .....	27
Hvernig er hægt að koma í veg fyrir smit? .....	28
Smitvarnir í viðskiptum með búfé .....	28
Gestir og smitvarnir í útihúsum .....	29
Innflutningur á lífdýrum, reiðtygjum, landbúnaðartækjum og samskipti við útlönd .....	29

## Ásýnd býlis og umgengni

Góð umgengni borgar sig .....	30
Er allt í lagi á mínum bæ? .....	30

Vilt þú fara yfir stöðuna á þínu búi með ráðgjafa? .....	31
--	----



# Brunahætta

Á hverju ári verða því miður alvarlegir brunar á sveitabæjum. Bæði fólk og búfenaður er í mikilli hættu þegar eldur blossar upp. Með réttum viðbrögðum og undirbúningi má koma í veg fyrir tjón og slys af völdum bruna. Það er einkum gert með fyrirbyggju og forvörnum, brunavörnum og réttum slökkvibúnaði.



**Brunavarnir, slökkvibúnaður og viðbragðsáætlun er nauðsyn á hverjum bæ. Í þessu hefti finnur þú góð ráð um það sem ber að leggja áherslu á til að fyrirbyggja og lágmarka tjón af völdum bruna.**

## Landbúnaðarbyggingar

Yfirvöld setja ákveðnar reglur um brunavarnir og slökkvibúnað í byggingum. Dæmi um þetta eru kröfur um reykskynjara og slökkvibúnað í íbúðarhúsnæði. Til þess að koma í veg fyrir bruna er oft ekki nóg að uppfylla skilyrði sem sett eru í reglugerðum. Á næstu blaðsíðum munt þú finna upplýsingar um brunavarnir og hvað þú getur gert sem bóndi til þess að lágmarka áhættu vegna elds á þínu býli.


### Raftæki og frágangur á rafmagni

Rafmagnsbilanir, röng notkun eða uppsetning raftækja leiðir oft til eldhættu.

Rafbúnaður, raflagnir og tæki í landbúnaðarbyggingum eru gjarnan undir miklu álagi. Raki í lofti, ryk, titringur eða slit hefur áhrif á endingartíma og öryggi tækja. Allur rafbúnaður skal vera viðurkenndur og frágangur þarf að taka mið af aðstæðum á hverjum stað. Fáðu ráðgjöf frá fagfólki áður en þú kaupir rafbúnað eða önnur ný tæki. Mundu að verð og gæði fara oftast saman!

Ætíð skal leita aðstoðar fagmanna við uppsetningu á rafbúnaði eða við breytingar á rafmagni í útihúsum.


**Leikmenn eiga ekki að vinna við rafmagn – það er bæði ólöglegt og hættulegt.**



### Rafmagnsinntak og rafmagnstafla

Margir brunar eiga upptök sín í rafmagnstöflum. Ýmist losna skrúfur eða raki verður til þess að eyðileggja leiðslur eða festingar. Gott er að láta fagmann yfirfara rafmagnstöflur með reglubundnum hætti. Munið að loka skápnum vel og tryggjið að raki eigi ekki greiða leið inn í töfluna. Oft eru rafmagnsleiðslur lagðar beint upp úr töfluskápum. Í þeim tilvikum er meiri hættu á að vatn komist niður með raflögnum og inn í töfluna.

Mjög mikilvægt er að frágangur rafmagnsbúnaðar sé óaðfinnanlegur og búnaðurinn allur ryk- og rakapéttur. Rafmagnstöflur eiga að vera í stál- eða plastskápum og staðsettar á vegg úr óbrennanlegum efnum. Raflagnaefni sem notað er í landbúnaðarbyggingum á að vera sérstaklega viðurkennt til nota við slíkar aðstæður.



## Jarðtenging og bilunarstraumrofar

Bilunarstraumrofinn (lekaliðinn) vakir yfir rafkerfinu á býlinu og slær rafmagninu út ef straumur leiðir til jarðar. Lekaliðinn getur komið í veg fyrir stórslys og verndað bæði manneskjur og búpening frá því að fá lífshættulegan straum.


Bilunarstraumrofinn getur komið að góðu gagni þegar ofhitnun verður í rafkerfi bygginga. Hann rýfur straumrásina án tafar og minnkar þannig líkur á tjóni. Í eldri rafmagnstöflum eru bræðivör (öryggi) sem skipta þarf um þegar þau springa en í nýrri töflum eru varrofar sem slá út við bilun eða of mikið álag.

Góð jarðtenging og bilunarstraumrofi geta skipt sköpum. Fáðu ráðgjöf fagmanna um hvaða lekaliði hentar aðstæðum á þínu búi. Sem fyrr er oft samhengi á milli verðs og gæða.




## Yfirspenna

Þrumuveður eru ekki algeng á Íslandi en hafa samt sem áður valdið skemmdum í raftækjum vegna yfirspenna. Við slíkar aðstæður er möguleiki á íkveikju. Bruni getur orðið strax eða nokkru eftir að yfirspenna myndast í tæki eða rafkerfi. Hægt er að tryggja sig með uppsetningu yfirspennuöryggis í rafmagnsskáp. Það ættu bændur að gera á svæðum þar sem eldinga hefur orðið vart. Sem fyrr er ráðlagt að láta fagmann um að setja upp eldingavarnabúnað.



## Laustengd vinnuljós og leiðslur

Gæta þarf þess að laustengd vinnuljós (ljósaundar) séu ekki nálægt heyi eða öðru auðbrennanlegu efni. Fylgjast þarf vel með ástandi á rafmagnsnúrum og tenglum. Gamlan og úr sér genginn búnað þarf að endurnýja.





## Sjálfsíkveikja í heyi og hálmi

Á árum áður voru brunar af völdum hita í heyi algengir hérlendis og oft hlaust af þeim stórtjón. Með breyttum aðferðum við heyverkun hefur þeim fækkað til muna. Í nágrannalöndum verður oft sjálfsíkveikja í hálmi. Með aukinni kornrækt hérlendis hefur sú hættu aukist. Því þarf enn að vera á varðbergi.

## Hvað gerist við ofhitnun í fóðri?



Í heyi, hálmi og öðrum lífrænum efnum eru bæði lifandi frumur og smáverur, t.d. bakteríur. Lifandi frumur plantna og baktería anda og við öndunina losnar varmi úr læðingi. Varminn veldur því að fóðurhitinn hækkar, allt eftir aðstæðum, einkum rakastigi fóðursins. Bakteríur geta knúð hitann upp í um 70°C en þá drepast þær flestar. Þá tekur við oxun – hægfa innri bruni þar sem súrefni gengur í samband við kolvetni fóðursins. Verði aðstreymi súrefnis nægilega ört getur hitinn í fóðrinu skyndilega rokið upp fyrir 200°C og eldur brotist út. Skorti hins vegar súrefni dregur úr brunanum og fóðurstæðan tekur að kólna. Hættan líður hjá en eftir verður kolað fóður.



## Hvernig er hægt að fyrirbyggja og bregðast við ofhitnun?

Ýmislegt er hægt að gera til þess að draga úr hættu á sjálfsíkveikju á fóðri vegna ofhitnunar:


1. Gæta að rakastigi fóðurs við hirðingu og geymslu. Öruggerum við ekki fyrr en rakastig fóðursins er komið niður fyrir 15% (upp fyrir 85% þurrrefni).
2. Vönduð og jöfn þurrkun fóðursins (súgþurrkun heys, ylpurrkun korns) hægir á öndun frumnanna í fóðrinu og þá um leið minnkar hættu á hitamyndun. Sjá þarf til þess að hvergi í fóðurstæðunni verði eftir blaut lög eða flyksur. Í þeim getur kviknað hættulegur hiti.
3. Þakleki eða leysingavatn, sem kemst að fóðrinu, getur vakið líf í því að nýju. Það sama gerist ef gat kemur á umbúðir fóðurs sem geyma átti við súrefnisleysi, t.d. þurrlegt hey í rúllum og korn í „loftþétri“ stæðu.
4. Hjálparefni, sem dreift er í fóðrið, t.d. salt (NaCl), binda vatnið í því og minnka hættu á varmamyndun vegna öndunar. Söltun heys er gamalt ráð við ofhitnun í því.
5. Fyrstu 5-6 vikur geymslutíma þurrlegs fóðurs þarf að fylgjast vel með hugsanlegri hitamyndun í því. Hitalykt (ornunarlykt) getur vakið grun, líka raki sem þéttist ofan á fóðurstæðu; þar undir er yllur. Best er að koma fyrir hitamæli í stæðunni þar sem hún er þykkust; jafnvel getur járnnteinn, sem þar er látinn standa, hjálpað til við að greina hitann.
6. Skyndilegar breytingar á loftþrýstingi, t.d. við stórviðri, geta örvað súrefnisstreymi um fóðurstæðu. Sé þar mikill hiti fyrir, t.d. vegna innri bruna, er mikil hættu á að eldur verði laus.
7. Gamalt ráð er að rjúfa geilar í hey sem hiti er í. Þá kólnar það. Forðist hins vegar að hrófla við fóðurstæðu, sem mikill hiti er, nema að hafa viðeigandi slökkvibúnað við hendina.



**Rétt hleðsla á böggum. Til þess að forðast bruna er mikilvægt að stafla rétt í stæður. Leyfið lofti að leika á milli bagga eins og hægt er.**

## Kröfur um eldvarnir í landbúnaðarbyggingum

Reglur um brunavarnir gripahúsa er að finna í byggingarreglugerð. Þar segir meðal annars að gripahús skuli vera sérstakt brunahólf með eldvarnarhurð að öðrum rýmum. Sé gripahús stærra en 200 m<sup>2</sup> skal það aðskilið frá hlöðu með eldvarnarvegg. Vélageymslu og verkstæði skal sömuleiðis aðskilja frá hlöðu og gripahúsi með eldvarnarvegg. Í því rými byggingarinnar, sem búfénu er ætlað, skal vera sérstakt brunahólf með a.m.k. 60 mínútna brunapoli og sjálflokandi, reykþéttum hurðum með a.m.k. 30 mínútna brunamótstöðu. Með þessari kröfu er reynt að tryggja að það gefist nokkur tími til þess að bjarga gripunum út ef eldur kemur upp í nærliggjandi rými byggingarinnar. Þetta ákvæði á t.d. við um skilveggi milli fjóss og mjólkurhúss og fjóss og fóðuraðstöðu.



Bændur skyldu leita ráðgjafar um brunavarnir strax í hönnunarferli nýbygginga og við endurbætur á gömlum útihúsum.

Nánari upplýsingar um kröfur sem gerðar eru í byggingum er að finna á vef Mannvirkjastofnunar, [www.mannvirkjastofnun.is](http://www.mannvirkjastofnun.is)

## Byggingarefni gripahúsa

Í gripahúsum þarf að nota loft- og veggjaklæðningu sem þolir raka. Klæðning léttara veggja þarf einnig að vera nægilega höggpolin. Brunahólfandi innveggi má t.d. klæða með svokölluðu útigífsi og utan á það með búrústáli. Í sumum tilfellum getur komið til greina að nota stálklæddar samlokueiningar með steinullareinangrun. Teikningar eru ekki samþykktar af yfirvöldum nema fyrir liggja samþykki og uppáskrift vegna brunavarna.

Samkvæmt byggingarreglugerð er bannað að nota óvarið plastefni sem einangrun. Þetta gildir að sjálfsgöðu líka um gripahús. Plastefnin uppfylla ekki kröfur um takmarkaða reykmyndun og eldútbreiðslu. Þau bráðna við bruna og séu þau notuð í þaki geta logandi flygsur fallið eða lekið niður á allt það sem fyrir neðan er, bæði búféð og björgunarmenn. Þetta á ekki bara við um hvíta einangrunarplastið, sem algengt var að nota óvarið neðan í þök gripahúsa fyrr á árum, heldur líka um svokallað loftbóluplast, þunna einangrun sem hefur verið á markaði hér undanfarin ár. Bannað er að nota það óvarið neðan í þök og innan á vegg gripahúsa. Hvítt, óvarið einangrunarplast er einkum að finna neðan í þökum gripahúsa sem byggð voru á 6. og 7. áratug síðustu aldar. Það myndi auka mikið öryggið að skipta því út fyrir óbrennanlega einangrun.

## Öryggi búfjár

Í öllum gripahúsum þurfa rýmingarleiðir að vera greiðar og hindrunarlaugar. Þau skulu þannig gerð að auðvelt sé að koma dýrum út ef eldur verður laus. Lágmarksbreidd dýra (ljósmál)

skal vera 87 sm og a.m.k. tvennar útgöngudyr á griparýminu. Í stórum gripahúsum er þó sjálfsgötu að hafa aðalútgöngudyrnar tvöfalt breiðari en þetta. Fyrir kýr og hross er minnsta breidd 120 sm.

Nauðsynlegt er að geta opnað útgöngudyrnar á auðveldan og fljótlegan hátt bæði innan- og utanfrá. Í nýlegum gripahúsum er algengt að nota hurðir sem rennt er upp í brautum. Mjög varasamt er að loka þessum hurðum með krækju að innanverðu og útiloka þar með möguleikann til að opna þær utanfrá ef eldur verður laus í húsinu. Einnig þarf að vera auðvelt og fljótlegt að opna viðeigandi hlið á lausgöngustíum þannig að gripirnir komist þaðan greiðlega að útgöngudyrum.

## Vélaskemmur

Mörg dæmi eru hér á landi um bruna í dráttarvélum þegar þær standa inni við og eru ekki í gangi. Tjónið sem af því hlýst er oft mikið þegar bæði vélar og byggingar skemmast.

Svokallaður höfuðrofi er mikilvægur til þess að minnka líkur á sjálfvirkju í vélknúnum tækjum. Þegar tækið er ekki í notkun er straumrás frá rafgeymi rofin með höfuðrofanum. Á markaði eru bæði til sjálfvirkir og handstýrðir höfuðrofar. Sjálfvirkir höfuðrofar hafa þann kost að þeir geta aðgreint tölvubúnað frá öðrum rafbúnaði og þannig haldið nauðsynlegum straumi á vélinni.




## Góð ráð við geymslu vinnuvéla

1. Byggingarreglugerð segir til um að gólf í vélageymslum skuli vera þétt og með óbrennanlegu yfirborði.
2. Sláið út rafmagni á þeim vinnuvélum sem eru með höfuðrofa.
3. Veggir og þök skulu vera úr tregbrennanlegu efni. Gætið að því að hafa ekki eldsmat nálægt vinnuvélum.

Í tilvikum þar sem eru trególf í vélageymslum er hægt að leggja stálplötu sem þjónar sem þétt og óbrennanlegt yfirborð.

Í vélageymslum skyldi ætíð vera að minnsta kosti eitt slökkvitæki, t.d. 6 kg dufttæki til að slökkva ABC-elda (sjá bls. 10).



## Verkstæðisaðstaða

Á verkstæði er brunahætta töluverð þegar unnið er með ýmis verkfæri, rafsuðu- og logsuðutæki. Gaskúta þarf að meðhöndla með varúð og setja merki með mynd af gulum þríhyrningi á útihurð sem gefur til kynna að gaskútar séu innan dyra. Gólf í verkstæðum skulu vera úr óbrennanlegu efni.

Á verkstæðum er nauðsyn að vera með slökkvitæki. Mælt er með 6 kg dufttæki sem ræður við að slökkva ABC-elda. Góður aðgangur skal vera að slökkvitækinu og það yfirfarið reglulega.

Leitið nánari upplýsinga hjá Mannvirkjastofnun á vefnum [mannvirkjastofnun.is](http://mannvirkjastofnun.is) um brunavarnir á verkstæðum og kröfur sem gerðar eru til slíkra bygginga.



Viðgerðir utanhúss með slípirokk eða suðutækjum ættu ætíð að vera í a.m.k. 10 metra fjarlægð frá óvörðum byggingum, vélum eða fóðurstæðum.

Hentugur hlífðar-  
klæðnaður sem  
polir hita og neista.

Munið að yfirfara  
öryggisloka og annan  
búnað á gastækjum  
reglulega.

Gólf úr  
óbrennan-  
legu efni

Slökkvitæki  
aðgengilegt




Ef þú þarft að slípa eða skera járn eða annað byggingarefni sem gefur frá sér neista, gættu þá að umhverfinu. Allt laust efni sem getur brunnið þarf að fjarlægja eða skýla, t.d. með óbrennanlegum plötum eða dúk.




# Slökkvibúnaður

Pegar eldur brýst út er mikilvægt að geta gripið til handslökkvitækja. Þau þurfa að vera á stöðum þar sem auðvelt er að nálgast þau, gjarnan við útgang, og af réttri gerð. Þekkir þú hvernig á að beita handslökkvitæki? Flestir kunna að beita vatnsslöngu en slökkvitæki krefjast meiri kunnáttu. Mikilvægt er að þekkja hvernig slökkvitæki virka og kunna að nota þau í neyðartilvikum.


Bygging undir 300 m<sup>2</sup>:  
1 stk. 6 kg ABC-handslökkvitæki



Bygging milli 300 m<sup>2</sup> og 600 m<sup>2</sup>:  
2 stk. 6 kg ABC-handslökkvitæki



Bygging yfir 600 m<sup>2</sup>:  
Í minnsta lagi 3 stk.  
6 kg ABC-handslökkvitæki




## FLOKKUN ELDS OG RÉTT SLÖKKVITÆKI

A-ELDAR	B-ELDAR	C-ELDAR
Í föstum efnum. t.d. viður, hey, fatnaður, pappír.	Í fljótandi efni. t.d. eldfimir vökvar, olíur, bensín, lakk.	Í gastegundum
ABC-duftslökkvitæki, vatnsslökkvitæki, léttvatnstæki, brunaslanga	ABC-duftslökkvitæki, kolsýruslökkvitæki, léttvatnstæki	Duftslökkvitæki, kolsýruslökkvitæki

## Fjöldi slökkvitækja

Því nær sem handslökkvitæki eru þar sem bruni kemur upp þeim meiri líkur eru á að geta slökkt eldinn. Mælt er með því að fjöldi slökkvitækja sé í hlutfalli við stærð bygginga (sjá myndir).






## Staðsetning slökkvitækja

Slökkvitæki eiga að vera dreifð um bygginguna og gjarnan nálægt útgönguleiðum á þar til gerðum upphengjum. Slökkvitæki ætti ekki að hengja upp á stöðum þar sem er mikill raki, t.d. nálægt búfénaði.

Mikilvægast er að allir á bóndabænum viti hvar slökkvitækin er að finna og hvernig á að nota þau.




Komið slökkvitækjum fyrir á áberandi og aðgengilegum stöðum í byggingum.



**Þegar eldur er slökktur í heyi eða hálm er mikilvægt að bleyta vel í á eftir með vatni.**

## Er aðgangur að vatni?

Ef bæjarlækurinn rennur við byggingar eða ef vatnsból er nálægt er það góð fjárfesting að eiga langar slöngur og vatnsdælu. Það er mikilvægt að brunaslöngur séu nógu langar til þess að geta náð um alla bygginguna.





## Eftirlit með rafmagni

Bilanir í rafkerfi eru ein algengasta orsök eldsvoða í landbúnaði. Látið fagmenn yfirfara með reglubundnum hætti allt sem viðkemur rafmagni. Það hefur gefist vel að nota hitamyndavél til þess að meta hvort óeðlilegur hiti myndast út frá lélegum rafmagnslögnum eða tækjabúnaði.



## Brunaviðvörðunarkerfi



Dæmi um reyksogskerfi í gripahúsi og fóðuraðstöðu. Rör frá báðum hlutum byggingarinnar tengjast stjórnstöðinni.

Til að tryggja öryggi búfjárins er auðvitað best að hafa fullkomið brunaviðvörðunarkerfi í húsinu. Ein gerð viðvörðunarkerfa hefur sérstaklega reynst vel í gripahúsum. Hér er um að ræða svokölluð reyksogskerfi. Þau eru þannig gerð að einföld röralögn er lögð um húsið. Göt eru boruð á rörin samkvæmt forskrift og þau tengd við dælu sem sagnar loftsýni stöðugt inn í rörin, gegnum rakagildru og síu, að reykskynjara í stjórnstöð

kerfisins. Verði vart við reyk í loftsýninu gerir stjórnstöðin viðvart, annaðhvort með því að setja sírenu í gang eða með því að hringja í ákveðin símanúmer.

Nokkur kerfi af þessari gerð hafa verið sett í gripahús hér á landi. Það eru norsk kerfi, framleidd af fyrirtækinu Drogen A/S.

# Slys

Starf bóndans getur verið hættulegt. Of margir lenda í vinnuslysum á ári hverju við bústörf. Það er allra hagur að auka forvarnarstarf og að fækka slysum í landbúnaði.



Erfið vinna, álag, loftmengun og hættulegar vélar auka líkur á slysum.

Flest slys er hægt að koma í veg fyrir með forvörnum. Sjáið til þess að vinnuaðstæður í byggingum séu góðar og að vélar séu í lagi. Rétt vinnutilhögun og öryggisvitund starfsfólks getur skipt sköpum.

## Bærinn minn – er hann öruggur og góður vinnustaður?

Sveitabær eru vinnustaðir þar sem margar hættur þarf að varast. Því miður verða mörg alvarleg slys á ári hverju til sveita. Tölur um fjölda slysa segja sína sögu en mikil sorg, sársauki og verri lífsgæði geta verið afleiðing eins slyss. Efnahagsleg áhrif slysa geta verið dýrkeypt. Alvarleg slys til sveita verða oft til þess að fólk bregður búi.

### Af hverju verða slys í landbúnaði?

Vinnuumhverfi bóndans er fjölbreytilegt en getur bæði verið hættulegt og erfitt. Mikið vinnuálag, erfiði, loftmengun, stress og vinna við hættulegar vélar getur allt haft sín áhrif til að auka slyshættu. Slæm veðurskilyrði, lélegur frágangur og draslarabragur, hættulegur búnaður og þreyta getur leitt til slysa.

Hversdagsstörf geta reynt á með margvíslegum hætti. Ákveðnum verkum þarf að ljúka á föstum tímum án tillits til þess hvort bóndinn er vel upp lagður eða ekki. Ýmislegt annað getur líka haft áhrif á vinnuumhverfið, t.d. veður, hitastig, dagsbirta eða annað sem kann að hafa áhrif á störf bóndans. Hættulegar aðstæður, vanafesta og kæruleysi hafa neikvæð áhrif á öryggið. Allt getur þetta leitt til aukinnar slyshættu við landbúnaðarstörf.

Vel unnið áhættumat og vitund um þær hættur sem leynast á býlinu geta komið í veg fyrir slys. Því miður hafa bændur, eins og flestir aðrir, tilhneigingu til þess að vanmeta þá áhættu sem er í þeirra nánasta umhverfi. Ýmis áhættuhegðun kann að leiða til tímasparnaðar við vinnu en hefur í för með sér of mikla hættu á að eitthvað fari úrskeiðis.



Munið að hafa sjúkrakassa aðgengilegan ef óhöpp verða á bænum. Upplýsið starfsmenn um hvar sjúkrakassinn er að finna.





## Hvernig er hægt að forðast slysin?

Með ákveðnum tillögum og aðgerðum er hægt að lágmarka áhættu á býlinu með því að:

- Skipuleggja búverkin
- Koma sér upp vinnuferlum
- Gera áhættumat
- Breyta hættulegum vinnuáðstæðum
- Auka vitund þeirra, sem vinna búverkin, um gildi öryggismála
- Temja sér góða umgengni og snyrtimennsku
- Forgangsráða og setja öryggið í öndvegi



Þegar allt er í röð og reglu á vinnustaðnum er minni hættu á slysum. Einfaldar ráðstafanir geta minnkað líkurnar á óhöppum umtalsvert.

## Slys við meðhöndlun búfjár

### Búkolla er hættulegri en þú heldur!

Flest slys í landbúnaði tengjast meðhöndlun stórgripa. Mikil hættu getur stafað af stálpuðum gripum sem eru saman í stíu, einkum graðnautum. Í Noregi verða tvö af hverjum tíu slysum í landbúnaði þegar stórgripir stanga bóndann, sparka í hann eða klemma. Orsakirnar eru fleiri en flest slys verða við þessar aðstæður. Spark dýra er oft tengt varnariðbrögðum þegar einhver kemur þeim að óvörum. Veik dýr og nýbornar kýr geta brugðist illa við áreiti og sparkað frá sér til þess að fá frið. Til eru dæmi um að nýbornar kýr ráðist gegn mönnum þegar taka á kálf frá þeim og þá ekki síður ef þær bera úti og eru styggar eða varar um sig.



Mörg slys í landbúnaði verða við meðhöndlun búpenings.

Þar sem vel er látið að skepnunum og þær ekki tamdar með offorsi eða þvingunum þá er minni hættu á að þær skaði bóndann. Barefli ætti aldrei að nota á skepnur.

### Hvaða ráðstafana á að grípa til?

Við hönnun á gripahúsum og innréttingum þarf að huga að því að skapa gott umhverfi fyrir skepnurnar. Gæta þarf að því að umgengni manna við skepnurnar sé auðveld, t.d. með góðum hliðum, grindum og að nægt rými sé fyrir hendi.

Viðeigandi vinnuklæðnaður skiptir máli þegar skepnur eru meðhöndlaðar. Góðir skór eða stígvél með stáltá og vinnugalli geta gert gæfumun. Hyrndir gripir geta verið hættulegir og í sumum tilvikum er sá kostur bestur að hornskella skepnur. Sparkvarnir eða hentug höft við mjaltir geta aukið öryggi bóndans.



Óreiða og hál gólf eru slysgildrur.

Einna mikilvægast til þess að forðast slys í umgengni við stórgripa er að fara rétt að dýrunum og gæta varúðar. Það er nauðsynlegt að þekkja viðbrögð skepna við ólíkar aðstæður og taka tillit til þeirra. Skapið ekki óþarfa hávaða eða fyrirgang sem getur valdið stressi. Notist við sama vinnulag og kennið afleysingafólki þær vinnuáðferðir sem tíðkast á þínum bæ í umgengni við skepnurnar.

## Óhöpp í útihúsum


Flest slys sem verða í landbúnaði gerast í útihúsum. Mörg þeirra verða við meðferð búfjár en það eru fleiri atriði sem vert er að gefa gaum. Slæm lýsing, lélegar innréttingar eða óreiða skapa oft á tíðum slyshættu. Víða er fallhætta í og við útihús sem bóndinn þarf að gæta sín á. Áhættan vex gjarnan þegar mikið er um að vera og fólk að flýta sér við bústörfin.





# Fallhætta

Mörg slys á bóndabæjum verða þegar fólk hrasar eða dettur niður úr ákveðinni hæð. Það er auðvelt að vanmeta hættur sem leiða til þessara slysa, sérstaklega í þekktum vinnuaðstöðum. Við höldum að „ekki komi fyrir mig“ og jafnvel þótt eitthvað gerist þurfi afleiðingarnar ekki að verða sérlega slæmar. Tölfræðin segir okkur að svo einfalt er það ekki. Allir reikna með að stigar, tröppur eða sliskjur geti orsakað slys en það kemur mörgum á óvart að slétt gólf eða stéttir geta líka reynst hættulegar.



## Nokkrir áhættuþættir

- Hindranir í gangvegi
- Hál gólf í útihúsum eða vinnuaðstöðu
- Léleg lýsing
- Lélegur skóbúnaður
- Ísing og hálka

## Byrgjum brunninn

Fallhættu má í mörgum tilvikum greina og gera viðeigandi ráðstafanir til þess að lágmarka slyshættu. Eru innréttingar öruggar, síló, tröppur eða göngubrýr? Stundum verða óhöppin vegna tilviljana, sem erfitt er að ráða við, í umhverfi sem við fyrstu sýn virðist ekki sérlega hættulegt.




Reynið að tryggja þá staði á býlinu sem eru hættulegir. Setjið handrið við stiga eða op og gætið að því að börn geti ekki prílað á varasömum stöðum.

## Tröppur


Tröppur eru öruggari þegar þær eru:

- Sterkar og traustbyggðar
- Með handrið á báðar hliðar
- Með stömum fótstigum
- Í réttum hlutföllum
- Upplýstar




## Þök og síló

Alvarlegustu slys vegna falls verða þegar hæðin er mikil. Þök og síló eru hættulegir staðir og ber að umgangast með varúð. Handrið og kantar eru nauðsynlegir á slíkum stöðum og þá er gott að temja sér ákveðnar vinnureglur í og við staði þar sem fallhætta er mikil.



# Lýsing

Einfalt ráð til að bæta öryggi í landbúnaðarbyggingum er að tryggja góða og viðeigandi lýsingu. Léleg lýsing getur leitt til þess að þú hrasar eða rekur þig í eitthvað. Athugaðu að þeir sem eru komnir yfir fertugt þurfa helmingi meira ljós en þeir sem eru tvítugir. Sá sem er sextugur þarf tíu sinnum betri lýsingu en þeir sem eru tvítugir. Flúorljósaperur gefa meira ljós frá sér en glóperur og hafa auk þess lengri líftíma.



## Ljósþörf í ólíkum rýmum

Gripahús:	100 lux
Mjaltaaðstaða:	300 lux
Starfsmannaaðstaða:	150 lux
Skrifstofa:	500 lux
Vélaverkstæði:	300 lux
Vinnuaðstaða á verkstæði:	500 lux

Lúx (latína: Lux, sem þýðir ljós) er alþjóðleg mælieining fyrir lýsingu. Jafngildir einingunni lúmen á fermetra.

Athugið að halógenperur gefa frá sér mikinn hita og geta því verið varasamar vegna brunahættu.

# Dráttarvélar og aðrar vinnuvélar


Dráttarvél með hinum ýmsu tækjum á oft hlut að máli í vinnuslysum og tengist yfirleitt þeim alvarlegustu. Í Noregi eru tvö af hverjum þremur dauðsföllum í landbúnaði tengd dráttarvélum og tengibúnaði þeirra. Ástæðurnar eru yfirleitt skortur á öryggishlífum eða öðrum öryggisráðstöfunum, lélegt viðhald og röng og óábyrg notkun á vélinni.

Landbúnaðartæki, svo sem heybindivélar, sláttuvélar, rakstrarvélar og snúningsvélar, eru illa varin og fljótfærni starfsmanns í umgengni við þau getur reynst dýrkeypt.

Mörg dauðsföll hafa orðið þegar dráttarvélar velta. Á síðustu áratugum hefur notkun veltigrinda og betri stýrishúsa orðið til þess að fækka verulega dauðaslysum vegna veltu. Allar dráttarvélar eiga lögum samkvæmt að vera með veltigrind. Öryggisbelti eiga líka að vera í nútímadráttarvélum og þau á að nota þegar aðstæður krefjast, t.d. þar sem er hætt á að velta vélinni.

Viðhald dráttarvéla og ástand skiptir miklu máli til þess að lágmarka slyshættu. Eru ámoksturæki, stýrisbúnaður og bremsur í lagi? Eru dekkirn of slitin eða útsýni lélegt úr vélinni?

Dráttarvélaslys verða stundum þegar vél keyrir yfir eitthvað eða á. Tryggið að vél renni ekki ef enginn ökumaður er undir stýri. Það er mjög áhættusamt að reyna að stöðva vél sem rennur stjórnlaus. Margir hafa brennt sig á því og lent undir vél sem ætlunin hefur verið að stöðva.



Stýrishús og veltigrindur á dráttarvélum hafa fækkað dauðaslysum undanfarna áratugi.




Er handbremsan á dráttarvélinni þinni í lagi?



Flest slys sem tengjast dráttarvélum eru sem betur fer minni háttar. Mörg þeirra verða þegar ökumaðurinn stígur upp í vélina eða fer niður úr henni.


Beinbrot, snúinn liður eða brákuð bein eru hvítleiðar afleiðingar þessara slysa. Þú getur minnkað áhættuna með því að:

- Hafa traust og rétt staðsett handföng
- Hafa stoppara sem heldur hurðinni opinni
- Hafa góð fótstig með stömu yfirborði, 50 cm yfir jörðu og með mátulegri fjarlægð frá hurðaropi.



Meðferð tengivagna og tækja við dráttarvélur getur verið hættuleg og skapað mikla slyshættu. Með vökvakerfi vélarinnar er oft mögulegt að tengja vagna og tæki við dráttarvélina beint úr ökumannssætinu. Það minnkar líkurnar á hryggmeiðslum og óhöppum.

Drifsköft sem ekki eru með öryggishlífar eða þær skemmdar eru stórhættuleg. Fatnaður eða hár getur auðveldlega flækst í drifskaftri með hræðilegum afleiðingum. Drifskafthlífar verða að vera í lagi og ber að líta á sem eitt af mikilvægustu öryggisþækjunum í búskapnum.



Öryggishlífar á drifsköftum geta bjargað mannlífum.

## Liðléttingar

Liðléttingar hafa náð mikilli útbreiðslu meðal bænda undanfarin ár. Tækin eru þægileg til notkunar innanhúss en geta skapað hættu. Liðléttingar eru oft á tíðum notaðir í miklum þrengslum, við gjafir, þrif og ýmis smáverkefni. Tækin hafa snöggar hreyfingar og eru hraðskreið. Sérstakrar aðgæslu er þörf þar sem börn eru í útihúsum, þrengsli og fátt um undankomuleiðir. Þegar bóndinn sinnir daglegum verkum, þar sem sama leiðin er ekin dag eftir dag, er jafnvel hættu á að menn hætti að líta aftur fyrir sig. Þá eru gestir og gangandi í mikilli hættu.

## Aðrar vélar

Í nútímabúskap eru margar ólíkar vélar notaðar á bæjum. Þær geta verið hættulegar ef ekki er rétt farið að við notkun þeirra. Ýmsar forvarnir geta minnkað líkurnar á að fólk slasist við vélavinnu.

- Mikilvægt er að þeir sem vinna við vélar fái tilsögn og kennslu á þær. Í þeim tilvikum sem gerð er krafa um sérstök réttindi, t.d. við akstur dráttarvéla, þá skulu þau vera gild.
- Öryggisreglum ber að fylgja í hvívetna. Lesið leiðbeiningar áður en tækið er tekið í notkun.
- Öryggisbúnaður þarf að vera í fullkomnu lagi.
- Stöðvið ætíð vélar þegar viðhaldi er sinnt.

Þegar nýjar vélar eru keyptar á búið er skynsamlegt að gæta að því að þær uppfylli öryggiskröfur. Þær eiga að vera CE-merktar og leiðbeiningar skulu fylgja.




# Hættulegar gastegundir

## Gasmengun í áburðarkjöllurum og gripahúsum

Mörg slys hafa orðið þegar bændur dæla kúamykju eða öðrum búfjáraburði upp úr haughúsum. Þegar hrært er í áburðarkjöllurum losna ýmsar gastegundir úr læðingi. Ein þeirra er brennisteinsvetni eða vetnissúlfíð ( $H_2S$ ) sem getur verið lífshættulegt í miklu magni, bæði fyrir menn og skepnur. Brennisteinsvetnið myndast þegar bakteríur brjóta niður lífrænt efni án þess að súrefni komist að því.

Brennisteinsvetni er ósýnilegt gas sem lyktar ekki ólíkt og fúlegg eða daunn af jökulhlaupi. Það deyfir lyktarskynið og jafnvel verða menn þess ekki varir. Lyktin hverfur þegar styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti eykst. Það eykur einnig á hættu að brennisteinsvetni er þyngra en andrúmsloftið og getur því lagst í dældir eða safnast fyrir í botni á geymum og tönkum.

Óhöppin verða helst þegar loftræstingu er ábótavant þegar hrært er í mykjunni og logn er úti. Mikilvægt er að opna



glugga og hurðir upp á gátt. Gæta þarf að því að vindátt sé hagstæð þannig að það lofti vel um húsin.

Brennisteinsvetnið fer að stíga upp þegar hreyft er við yfirborð mykjunnar. Gættu þess vel að vatnsslangan, sem notuð er til þess að þynna upp hauginn, nái vel undir skánina áður en byrjað er að hræra.


Athugið að öndunargrímur veita enga vörn ef brennisteinsvetni hefur rutt súrefni í burtu.

## Gashætta við votheysverkun

Á Íslandi hefur verkun á votheysi aukist á síðustu árum eftir nokkurt hlé. Fyrr á árum var algengt að verka hey í súrheysturnum og flatgryfjum. Nú hefur stæðuverkun rutt sér til rúms og það utan dýra þar sem ekki er sama mengunarhætta eins og í lokuðum rýmum. Þótt súrheysturnar séu hverfandi hér á landi eru þeir víða notaðir í löndunum í kringum okkur. Það er ástæða fyrir bændur að þekkja vel þær hættur sem geta falist í meðferð og verkun á votheysi.

Í súrheysturnum er alltaf hætta á gasmengun. Gastegundir verða til strax í byrjun verkunarferilsins og svo lengi sem súrefni kemst að heyinu. Koltvísýringur ( $CO_2$ ) er hættuleg gastegund sem ryður súrefni úr vegi því það er þyngra en andrúmsloftið. Manneskja, sem stendur ofan á súrheysi í síló eða súrheysturni, á þá á hættu að verða fyrir gasmengun. Börn, sem eru eðli málsins samkvæmt lægri í loftinu en fullorðnir, eru í meiri hættu því gasið liggur nær jörðu en súrefnið.

Til þess að gæta fyllsta öryggis er rétt að vera með gasgrímu þegar farið er ofan í síló eða súrheysturna. Opnar hurðir, lokur eða gluggar og góður vindur gefa nauðsynlega loftræstingu.




Súrheysturn með mötunarbúnaði.

# Skógarhögg

Með aukinni skógrækt hefur orðið til ný búgrein á Íslandi sem krefst töluverðs vinnuafls. Grisjun og skógarhögg er orðinn ríkur þáttur í störfum skógarbænda en er síður en svo hættulaus. Trjáfellingar eru eitt það hættulegasta sem bóndinn tekur sér fyrir hendur. Flest slys verða þegar menn eru að flýta sér eða misreikna öryggissvæðið í kringum skógarhöggið.


Skógarhögg, grisjun eða önnur vinna í skóginum getur leitt til slysa. Það er hægt að minnka áhættuna með ýmsum ráðum.

- Notið ætíð viðurkenndan öryggisbúnað og hlífðarfatnað
- Talstöð eða farsími (fer eftir þjónustusvæðum) ætti að vera meðferðis



Keðjusagir eru hættulegar og ber að umgangast með varúð. Þær eiga að vera CE-merktar og leiðarvísir skal fylgja. Óvanir menn ættu aldrei að meðhöndla keðjusagir. Leiðsögn, þjálfun og þekking á öryggisreglum er mikilvæg áður en haldið er í skógarhögg.

Allt klifur með keðjusagir ber að varast. Notið stöðuga stiga og gætið að eigin öryggi þegar greinar falla við grisjun. Geymið keðjusagir á öruggum stað þar sem börn ná ekki til.






# Öryggi barna á búinu

Landbúnaðurinn er frábrugðinn mörgum öðrum atvinnugreinum að því leyti að býlið er jafnframt heimili fjölskyldunnar. Þannig er vinnustaður bóndans oft á tíðum leikvöllur barn-

anna á sama tíma. Vegna þessa hafa orðið mörg slys á börnum í sveitum í gegnum árin. Sum hver eru minni háttar en of mörg dæmi eru um alvarleg slys og dauðaslys.



Orsakir þess að börn verða fyrir slysum til sveita eru margar. Vegna nálægðar við búpening, vélar og tæki leynast hættur víða. Dráttarvél er þó hættulegasta „leiktækið“ en mörg slys verða í tengslum við hana. Í Noregi sýna kannanir að strákar eigi frekar á hættu en stúlkur að verða fyrir óhöppum. Í fjórum


af hverjum fimm slysum eiga piltar í hlut. Ástæðurnar eru meðal annars taldar þær að þeir leika sér frekar í kringum vélar en stúlkur. Það er áhætta fólgin í því að leyfa ungum börnum að taka þátt í búverkum, taka þau með sér í dráttarvél eða annað þar sem aðstæður eru hættulegar.



Börn eiga ekki að leika sér í dráttarvélum eða í kringum þær. Það getur reynst lífshættulegur leikur.

## Er barnið öruggt á þínu býi?


Þótt erfitt sé að kortleggja allar hættur sem steðja að börnum á býinu þá er hægt að benda á ýmsa áhættuþætti. Með því að fara yfir atriðin hér á eftir má fá vísbendingar um hvort öryggi barna er nógu vel tryggt á þínu býi.



Byggingar	Já	Nei
Er afmarkað leiksvæði fyrir börn?		
Eru hættuleg svæði afgirt á býinu, t.d. haughúsbrunnar?		
Er fallhætta við byggingar eða innandyra?		
Eru tröppur og stigar með handriðum?		
Eru blindhorn þar sem er umferð liðléttinga, lyftara eða annarra véla um útihúsin?		

Vélar	Já	Nei
Setur þú ámoksturstækin niður og fjarlægir lykilinn úr kveikjúlásnum þegar þú yfirgefur dráttarvélinu?		
Sérð þú til þess að börnin séu í þössun eða á öruggum stað þegar þú ert við vélavinnu?		
Er öryggisbúnaður allra véla og tækja í lagi og er hann á réttum stað?		
Tekur þú rafmagnstæki úr sambandi eða slærð út höfuðrofa þegar þú ert ekki að nota þau?		


Umhverfið	Já	Nei
Eru vélar og verkfæri geymd á öruggum stað?		
Er rúlluböggum og stórsekkjum staflað með öruggum hætti?		
Eru mykjuhaugar og gryfjur girtar af?		
Er leiksvæði barnanna, t.d. sandkassar og rólur, á öruggum stað á býinu?		
Geta vinnuvélar og stórir flutningabílar (mjólkurbílar og fóðurbílar) athafnað sig með öruggum hætti á býinu, án þess að þurfa að bakka?		





# Dráttarvélar á ferð

Flest dráttarvélaslys á vegum úti verða þegar vél mætir öðru ökutæki eða keyrir út af. Gætið að því að fara ekki of nærri lausum vegköntum og hagið akstri eftir aðstæðum.



Mikil hættu getur skapast þegar ökumaður dráttarvélar beygir út af vegi. Tengivagnar án ljósabúnaðar og ámoksturstæki í rangri stöðu geta aukið hættu á slysum til muna.


## Keyrsla á vegum

Þegar ökumaður dráttarvélar tekur vinstribeygju er hættu á því að bíll sem er að taka framúr lendi í árekstri við vélina. Bílstjórinn sér ekkert sem bendir til þess að ökumaður dráttarvélarinnar ætli að beygja.

### Þetta getur stafað af því að:

- Ökumaður dráttarvélarinnar notar ekki stefnuljós eða gefur það of seint.
- Stefnuljósirnir eru óvirk.
- Stefnuljósirnir sjást ekki vegna farms, tengivagns eða tækja sem tengd eru vélinni.

Þegar ökumaður dráttarvélar tekur hægribeygju með tæki aftan í vélinni getur skapast hættu. Löng tæki, eins og plógar, geta þá skagað inn á vinstri vegarhelminginn og aukið líkur á aftanákeyrslu bifreiða sem á eftir koma eða reyna framúrakstur. Bílar sem koma úr gagnstæðri átt eru að sjálfsgöðu einnig í hættu við þessar aðstæður.



### Hvað getur þú gert til að auka öryggi í umferðinni?

- Notaðu speglana og fylgstu með umferðinni á eftir þér.
- Mundu að nota stefnuljósirnir með góðum fyrirvara áður en beygt er.
- Gakktu úr skugga um að stefnu- og bremsuljós séu í lagi, bæði á dráttarvélinni og á tengivögnum eða öðrum tækjum.
- Sjáðu til þess að stefnu- og bremsuljós sjáist vel.
- Margar dráttarvélar eru með gult snúningsljós á toppnum. Notaðu það þegar aðstæður krefjast, t.d. þegar þú ekur með þungan farm eða annað sem krefst aðgæslu samferðamanna í umferðinni.
- Ekki gleyma að slökkva á vinnuljósum þegar þú keyrir um á vegum.


- Aktu með varúð og staðsettu vélina þannig á akbrautinni að aðrir í umferðinni geri sér grein fyrir hvað þú ætlar að gera.
- Forðastu hraðar hægribeygjur þegar þú ert með tæki aftan á vélinni eða tengivagna. Mjúkar beygjur minnka líkurnar á að tæki og vagnar slái of langt til vinstri.
- Forðastu akstur dráttarvéla á vegum þegar umferðarpunginn er mikill.
- Stilltu hraða miðað við farm og bremsueiginleika dráttarvélarinnar.

Mundu að sömu kröfur eru gerðar til dráttarvéla og annarra vélknúinna ökutækja á vegum úti – þær eiga að vera í fullkomnu lagi.

## Er farmurinn öruggur?

Tryggið ætíð að farmur sé vel skorðaður þannig að hann falli ekki á veginn. Ef hlutir skaga út fyrir kerrur eða tengivagna þarf að merkja þá sérstaklega. Glitaugu skulu vera sem næst hornum ökutækis og/eða á búnaði, sem festur er við ökutæki. Kynnið ykkur vel reglur um merkingar á tengivögnum og öðrum búnaði.

Forðist að keyra með farm í skóflunni. Hann getur auðveldlega fallið af þegar ökumaður hemlar og einnig breytt aksturseygningum vélarinnar.



## Takið tillit til annarra í umferðinni

Dráttarvélar fara hægar yfir en önnur ökutæki. Þær hindra oft aðra umferð á vegum.

- Fylgist vel með umferð, keyrið til hliðar og hleypið öðrum fram úr þegar hægt er.
- Notið spegla til að fylgjast með umferðinni.

## Beltin spennt

Mundu að allir eiga að nota öryggisbelti þar sem þau eru fyrir hendi. Engar sérreglur gilda um einkavegi eða akstur á túnum.

Ekki búa til sérreglur fyrir þig. Temdu þér að nota alltaf öryggisbelti. Þrátt fyrir að það sé ekki önnur umferð inni á þinni landareign þá eru aðrar hættur fyrir hendi. Líkurnar á slysum eru miklar þegar ökutæki velta eða fara út af. Öryggisbeltin geta komið í veg fyrir að þú eða farþegar þínir skaðist. Margir trassa bílbeltanotkun í aftursætum í stuttum ökuferðum og í þéttbýli. Beltin eru alveg jafn nauðsynleg í þeim tilfellum eins og öðrum. Mundu að tryggja öryggi barna með því að nota rétta barnabílstóla sem henta þyngd og hæð barnsins. Börn ættu ekki að sitja í framsæti bifreiðar fyrr en þau hafa náð 135 sm hæð.



Við árekstur magnast þyngdarkraftur aftursætisfarþega og getur orðið á við þyngd á fil. Keyrir þú með fólk án bílbelta í aftursætinu?

## Er bíllinn þinn búinn loftþúðum?

Þrátt fyrir að loftþúðar séu gagnlegir þá koma þeir ekki í staðinn fyrir bílbelti. Þeir geta jafnvel reynst hættulegir ef farþegar eru ekki í bílbeltum. Munið að taka loftþúða úr sambandi ef afturvísandi barnabílstóll er í framsætinu.

## Börn og vélknúin ökutæki


Bílar, dráttarvélar, vöruflutninga- eða mjólkurbílar ættu aldrei að nálgast leiksvæði barna. Það er góð hugmynd að girða leikvelli tryggilega af og sjá til þess að vélknúin ökutæki þurfi ekki að snúa eða bakka í námunda við þá.

Á síðustu árum hafa orðið mörg slys af völdum fjórhjóla. Þau eru notuð við misjafnar aðstæður og eru mörg hver með lítinn beygjuradius í hlutfalli við stærð. Í flestum tilvikum eru þessi tæki án veltigrindar. Gæta skal varúðar við notkun fjórhjóla og ætíð nota tilskilinn hlífðarbúnað. Sama gildir um vélsleða, þjarka eða liðléttinga sem eru víða í notkun til sveita.



# Heilsufar

Sem bóndi berð þú ábyrgð á að vinnuaðstæður á býlinu séu með þeim hætti að sómi sé að. Til þess að bæta aðbúnað og líðan starfsfólks við landbúnaðarstörf þarf að þekkja þá þætti sem hafa áhrif á vinnuaðstæður.




Álagsmeiðslu eru aðalorsök þess að bændur þurfa að taka veikindaleyfi. Einsleit vinna, röng beiting líkamans, titringur og langir vinnudagar geta leitt til álagsmeiðsla.

## Ert þú í réttum vinnustellingum?

Það er mikilvægt að störf séu sniðin að getu og forsendum hvers starfsmanns. Ólíkar manneskjur krefjast ólíkra lausna. Sem vinnuveitanda ber þér að taka tillit til ólíkra þarfa starfsfólks, til dæmis sem varða vinnustöðu eða vinnuaðstæður.

Góðir og rétt stilltir speglar í vinnuvélum minnka hnakkahreyfingar og mjúkt fjaðrandi ökumannssæti hlífir hryggnum. Þér líður betur í vinnunni ef:

- Dráttarvélin er vel búin, t.d. með góðu sæti og speglum.
- Vélar eru rétt stilltar fyrir þann sem á að vinna við þær.
- Þú ert í góðu líkamlegu formi.
- Þú beitir réttum vinnubrögðum.



## Hávaði

Notaðu alltaf heyrnarhlífur þegar þess er þörf. Farðu yfir það í huganum hvar er mesta hávaðamengunin á býlinu og hvað það er sem býr til hávaðann. Þegar þú kaupir nýjan búnað eða vélar þá skaltu íhuga hversu hljóðlátar þær eru.

### Góð ráð:

- Reynið að dempa hávaða þar sem hann á upptök sín.
- Margir halda að hávaði, sem ekki sker í eyru, sé hættulaus. Þetta er rangt! Þegar hávaði veldur sársauka er hann 50% meiri en þau mörk sem geta leitt til varanlegs heyrnarskaða.



# Hættuleg efni

Við landbúnaðarstörf eru notuð ýmis hættuleg efni sem ber að umgangast með varúð. Nokkur þessara efna geta haft skaðleg áhrif á heilsu manna komist þau í snertingu við húð eða öndunarfæri.

- Hyljið og verjið alla húðina, ekki bara hendur og andlit.
- Lesið leiðarvísi með öllum efnum og fylgið þeim.

Einstaklingar sem nota tiltekin varnarefni vegna starfa sinna við eyðingu meindýra, í landbúnaði eða garðyrkju skulu sækja um notendaleyfi til Umhverfisstofnunar. Þeir sem nota plöntuvarnarefni skulu hafa notendaleyfi fyrir notkun í landbúnaði eða garðyrkju. Ljúka þarf námi eða námskeiði þar sem fjallað er um meðferð varnarefna.



Öryggisblöð, sem geyma upplýsingar um hættur, forvarnir og viðbrögð sem tengjast hættulegum efnum, eiga að vera til á býlinu.

- eru sýrur og sápur eða önnur efni, sem notuð eru við þvotta, á öruggum stað þar sem börn ná ekki til?
- eru plöntuvarnarefni geymd í læstum skáp?
- er unnið með varnarefni (t.d. blöndun og meðferð) á stað þar sem börn komast ekki að?
- er umbúðum af eiturefnum eytt eftir notkun eða hent í sorpstöð?
- er maurasýra, olíur, þynnir eða önnur hættuleg efni geymd á öruggum stað?
- eru lyfjaskápar í gripahúsum læstir og ekki aðgengilegir börnum eða óviðkomandi?





# Ryk

Heymæði er þekktur kvilli hjá bændum sem hafa umgengist hey, korn eða annað fóður. Sökudólgurinn er oftast ofnæmi fyrir rykmaur eða myglusvepp. Þá framkalla blómafrjókorn áþekk viðbrögð á vissum árstíðum. Viðbrögðin eru meðal annars hnerri, þyngsli eða verkir fyrir brjósti, þreyta, höfuðverkur og hiti.

Myglu í fóðri er hægt að forðast með réttri verkun, meðal annars gæta að því að rakastig sé rétt þegar fóðri er pakkað eða komið fyrir í hlöðu eða geymslu.

Til þess að fyrirbyggja skaða af völdum ryks eða myglusvepps ættu bændur að nota öndunargrímur þegar unnið er þar sem hætta er á mengun.





# Punglyndi – kvíði og vanlíðan

Margir þurfa einhvern tímann á lífsleiðinni að leita sér lækninga vegna punglyndiseinkenna. Bændur eru þar engin undantekning. Það er fljótt að halla á ógæfuhliðina ef bústörfin sitja á hakanum en oft eru minnstu hindranir sem ókleif fjöll fyrir punglynda einstaklinga. Vanræksla búfjár, lítil starfsánægja, þreyta, frestunarárátta og sektarkennd getur snúist upp í mannlegan harmleik ef ekki er brugðist við í tíma.

Helstu einkenni punglyndis eru meðal annars minni áhugi eða gleði við venjuleg störf og skemmtun, svefnleysi eða ofsvefn, orkuleysi og breytt matarlyst. Ráðlagt er að leita læknis ef veikinda verður vart en greining fer fram með viðtali og skoðun. Hérlendis er engin þjónusta sérsniðin að bændum sem eiga við punglyndi að stríða en fólk með geðraskanir bjóðast ýmsar leiðir í heilbrigðiskerfinu. Möguleikarnir á að læknast af punglyndi eru góðir og meðferð, svo sem lyfja- eða samtalsmeðferð, styttr sjúkdómstímabil og getur dregið úr einkennum.



## Er kroppurinn í lagi?

Mörg búverk krefjast þess að bóndinn sé í líkamlega góðu formi. Hann verður að búa yfir styrk, lipurð og poli til að mæta ólíkum verkefnum dagsins. Þess vegna er mikilvægt að halda sér í formi, gera reglulega æfingar og leggja áherslu á að styrkja alla vöðva líkamans.

### Gerðu hlé á vélavinnunni


Rannsóknir hafa sýnt að öikumenn dráttarvéla fá oft eymsli í háls og hrygg eftir langa vinnudaga. Góð regla er að taka sér 3–5 mínútna hlé á hverjum klukkutíma og gera nokkrar æfingar.

1. Gakktu minnst 100 metra af krafti. Andaðu djúpt, sveiflaðu handleggjunum og teygðu líkamann meðan þú gengur.
2. Gerðu teygjur. Settu annan fótinn fram fyrir hinn, settu hendur á hnéð og leggðu þungann á hann. Teldu upp að tíu meðan þú heldur stellingunni. Skiptu á milli fóta og gerðu æfinguna þrisvar á hvorn fót.
3. Stattu með fætur í sundur og teygðu hendur fyrir aftan hnakka. Þrýstu herðablöðum saman og sveigðu líkamann til hliðanna hægt og rólega, fimm sinnum á hvora hlið.
4. Hristu skankana hressilega áður en þú stígur aftur upp í dráttarvélinu.



# Búfjár sjúkdómar og varnir gegn þeim

Ýmiss konar bakteríur, veirur, sveppi og sníkjudýr er að finna í búfenaði og umhverfi dýranna. Að undanskildum sníkjudýrunum eru flestar þessar örverur gagnlegar dýrum en nokkrar þeirra geta þó valdið sjúkdómum.



Smithætta er víða fyrir hendi. Búfjár sjúkdómar geta haft mikil áhrif á velferð dýra og valdið verulegu tjóni.

Sum smitefni leiða sjálfkrafa til sjúkdóma (t.d. svínapestar og gin- og klaufaveiki). Yfirleitt breiðast sjúkdómar út vegna samverkandi þátta:

- Aukið magn smitefna veldur meiri smithættu.
- Slæmur aðbúnaður, léleg fóðrun eða slæm umhverfisáhrif veikja viðnámsþrótt gegn sjúkdómum.
- Dýrin hafa ekki myndað næg mótefni, s.s. þegar ung dýr eða óbólusett koma með nýtt smit inn í hjörð.

## Smit


Sumt smit getur þrífist lengi í umhverfi dýranna. Hreinlæti og þríf draga úr magni smitefna og réttar smitvarnir geta komið í veg fyrir að þinn bústofn smitist.

## Skilgreiningar á sjúkdómum

Samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim eru smitsjúkdómar flokkaðir í þrjá flokka A, B og C. Flokkunin byggist á því hve alvarlegir sjúkdómarnir eru. Sjúkdómar í hópi A eru þeir alvarlegustu.

Skylt er að tilkynna um grun eða greiningu á A- og B-sjúkdómum til Matvælastofnunar. Ef dýralæknir fær grun um eða greinir C-sjúkdóm skal hann hlutast til um frekari rannsóknir og tilkynna málið að því marki sem nauðsynlegt er.

**Dæmi um A-sjúkdóma:** Gin- og klaufaveiki, hundæði, miltisbrandur, berklar, kúariða, mæði-visna, riðuveiki í sauðfé, svínapest, sullaveiki og fuglaflensa.



Útbreiðsla og þróun sjúkdóma er háð nokkrum þáttum.

**Dæmi um B-sjúkdóma:** Garnaveiki, hringskyrfi, salmonellusýkingar, sullaveiki, hestainflúensa, illkynja slímhúðarbólga í nautgripum, svínainflúensa og hundafár.

**Dæmi um C-sjúkdóma:** Hvanneyrarveiki, kýlapest, lungnapest, herpeskvef í hrossum, tannlos, rauðsýki í svínunum, snúðtrýni, svínakregða, kattafár, smáveirusótt í hundum, smitandi lifrabólga í hundum. \*

Heilsufar er breytilegt eftir búum og ræðst m.a. af smitálagi, umhverfi og tegund búskapar. Þrátt fyrir að smit sé til staðar er ekki gefið að sjúkdómar séu fyrir hendi. Það er hins vegar mikilvægt að hindra að ný og óæskileg smit berist í búfenaðinn. Þess vegna eru smitvarnir á bæjum mikilvægar.

\* Heimild: Matvælastofnun



# Hvernig er hægt að koma í veg fyrir smit?

Margar leiðir eru til þess að minnka smithættu á bæjum. Mesta hættan felst í því þegar lífdýr eru keypt annars staðar frá og þau flutt inn á bú. Smithætta er töluverð þegar gestir koma inn í gripahús, t.d. flutningabílstjórar, sæðingamenn, dýralæknar og aðrir sem eiga þangað erindi. Hafið í huga að verkfæri og búnaður, sem farið er með á milli bæja, geta falið í sér smithættu. Fóður getur borið með sér smit, bæði hey og kjarnfóður. Sækja verður um leyfi Matvælastofnunar til að flytja inn notuð tæki og innréttingar frá útlöndum og gera þarf sérstakar ráðstafanir um sóttþreinsun.



## Smitvarnir í viðskiptum með búfé


Á Íslandi gilda strangar reglur um flutning búfjár á milli sóttvarnarsvæða (varnarhólfa). Þau eru afmörkuð með girðingum og náttúrulegum hindrunum, s.s. ám og jöklum. Varnarlínur gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja að búfjárjúkdómar berist ekki á milli sóttvarnarsvæða. Strangar reglur gilda um flutning á lifandi dýrum, tækjum og ýmsum varningi yfir varnarlínur sem ber að fara eftir.

Samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma er Matvælastofnun heimilt að takmarka eða banna flutning dýra, vöru eða tækja milli eða innan sóttvarnarsvæða telji stofnunin að það valdi eða sé líklegt til að valda útbreiðslu sjúkdóma meðal dýra.

### Í viðskiptum með búfé er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Kaupið helst lífdýr frá fáum aðilum.
- Leitið upplýsinga um heilsufar.
- Fáid ráðgjöf hjá dýralækni og eftir atvikum Matvælastofnun.
- Notið hrein flutningatæki og sóttþreinsið ef farið er milli varnarhólfa.

Þegar gripaflutningabíll kemur að sækja sláturdýr eða lífdýr er nauðsynlegt að hafa góða aðstöðu svo auðvelt sé að setja gripi á bíl. Koma þarf í veg fyrir að bílstjórinn geti borið smit inn í bygginguna. Hann á helst ekki að þurfa að koma inn í húsið en þarf þó að hafa aðgang að þrífaaðstöðu. Leitaðu ráða hjá þínum dýralækni eða öðrum ráðgjöfum.



# Gestir og smitvarnir í útihúsum

Smit getur borist milli búnaðs með skóbúnaði og fötum. Inngangar í gripahús þurfa að vera með þeim hætti að smithætta sé lágmörkuð. Gott er að skilgreina rými innandyra sem hreint svæði en allt sem er fyrir utan það sé óhreint svæði. Með það í huga þarf að gæta að því að ekki berist inn á hreina svæðið smit frá óhreina svæðinu.

Aðstaða til þrifa og sótthreinsunar á fótubúnaði ætti að vera við innganga í gripahús. Að öðrum kosti ættu inngangar að skiptast í hrein og óhrein svæði. Viðeigandi hlífðarfatnaður og aðstaða til handþvottar skal vera til staðar.

Það er búfjáreigandans að tryggja góðar smitvarnir en þeir sem eiga erindi í húsin eiga að fylgja þeim reglum sem eigandinn setur. Tilmæli um skó- og fataskipti eiga ekki síður við um þá sem vinna á búinu en gesti.



## Innflutningur á lífdýrum, reiðtygjum, landbúnaðartækjum og samskipti við útlönd

Meðal hlutverka Matvælastofnunar er að hafa eftirlit með inn- og útflutningi lifandi dýra, afurða þeirra sem ætlaðar eru til manndis og dýraafurðum sem ekki eru ætlaðar til manndis. Á vef stofnunarinnar, [www.mast.is](http://www.mast.is), eru greinar-góðar upplýsingar um smitvarnir og reglur sem ber að fylgja við innflutning á lifandi dýrum og ýmsum tækjabúnaði sem tengist landbúnaði.

Vegna strangra innflutningsreglna og landfræðilegra aðstæðna hefur íslenskur búfénaður að mestu leyti sloppið við alvarlega smitsjúkdóma á síðustu áratugum. Til þess að halda þessari góðu stöðu ber að gæta ýtrustu smitvarna.

Mesta smithættan felst í innflutningi á lifandi dýrum en reglur takmarka mjög hvað er leyfilegt í þeim efnum.

Óheimilt er að flytja til landsins notuð reiðtygi, s.s. hnakka, beisli, múla, hlífar, dýnur, yfirbreiðslur eða píska. Notaðan reiðfatnað skal þvo í þvottavél eða þurrhreinsa í efnalaug áður en komið er til landsins. Ef það er ekki gert skal sótthreinsa fatnaðinn.

Þegar bændur eða starfsmenn í landbúnaði ferðast til útlanda og heimsækja erlenda bóndabæi eða landbúnaðarsýningar

skal gæta varúðar við heimkomu. Þeirri reglu skal fylgt að fara ekki inn í gripahús 48 klukkustundum eftir að heim er komið. Sama regla gildir að sjálfsögðu um erlenda gesti sem hingað koma og hyggjast fara í heimsóknir á bóndabæi.

Verjið dýrin og bæinn ykkar. Enginn getur varið hann betur en þið sjálf og enginn ber meiri ábyrgð á því. Hleypið engum, sem er að koma erlendis frá, inn í fjósið, fjárhúsið, svínahúsið, hesthúsið, alifuglahúsið, kanínuhúsið, refa- eða minkahúsið o.s.frv. nema þeim sem þangað eiga erindi og gætið þess að viðkomandi sýni smitgát. Verið sjálf góð fyrirmynd.

Nokkuð er um að fluttar séu inn notaðar landbúnaðarvélar og tæki en innflutningur þessi er bannaður samkvæmt lögum. Innflytjendur geta sótt um undanþágu frá innflutningsbanninu til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem þá skal afla umsagnar Matvælastofnunar hverju sinni.

Það er mikilvægt fyrir bændur að leita sér ráðgjafar um smitvarnir og viðbrögð við búfjársjúkdómum. Ráðunautar og dýralæknar geta gefið góð ráð í þessum efnum og ýmsar upplýsingar er að finna á vef Matvælastofnunar, [www.mast.is](http://www.mast.is).

Heimild: Matvælastofnun, [www.mast.is](http://www.mast.is)



# Ásýnd býlis og umgengni

Bærinn þinn verður betri vinnustaður ef umgengni og ásýnd er í lagi. Það getur skilað sér margfalt að ganga vel um umhverfi sitt og halda eignum við með reglubundnum hætti.



Þú sem bóndi getur sett þér raunhæf markmið og bætt ástandið á þinni bújörð. Sjáðu til þess að koma rúlluplasti í endurvinnslu, losa þig við járndrasl, gamlar olíur, umbúðir og ónýtt timbur. Flokkaðu úrgang og leiðbeindu starfsfólki um það hvernig þú vilt að umgengnin sé á þínum bæ. Vertu sjálfur góð fyrirmynd.

## Góð umgengni borgar sig

Umgengni lýsir innri manni segir máltækið. Allir þekkja dæmi um sveitabæi þar sem umgengni er ábótavant og ekkert er gert til að koma hlutunum í lag. Fáir vilja viðurkenna að nokkuð sé að í eigin garði en eru ekki í vandræðum með að gagnrýna nágrannann fyrir slóðahátt eða draslarabrag. Sem betur fer eru flestir bændur með allt sitt á hreinu.

Ótal rök má færa fyrir því að það sé bændum í hag að ganga vel um sitt nánasta umhverfi og gæta að ásýnd býlisins. Það er alveg öruggt að sveitabærinn þinn er áhugaverðari og eftirsóttari vinnustaður ef byggingar og umhverfið er í lagi. Góð umgengni minnkar líkur á slysum.

- Bóndinn er matvælaframleiðandi og ber að ganga vel um umhverfið.
- Jörðin þín og byggingarnar eru verðmætari ef góð umgengni og snyrtimennska er í hávegum höfð. Reglulegt viðhald tryggir verðmæti þinna eigna.
- Það er auðveldara að selja bújörð og byggingar sem er vel við haldið.
- Góð umgengni og gott ástand mannvirkja getur auðveldað ættliðaskipti á jörðinni þinni.
- Það bera allir bændur ábyrgð á ímynd stéttarinnar. Slæm umgengni getur skaðað orðspor bænda og komið niður á trúverðugleika þeirra.
- Ört vaxandi ferðapjónusta í sveitum kallar á að umhverfið sé aðlaðandi og snyrtilegt. Komum ekki óorði á sveitina okkar með sóðaskap og lélegri umgengni.
- Flokkum úrgang og rusl og komum því á rétta staði. Sum sveitarfélög útvega gáma og leiðbeina bændum við að koma frá sér sorpi.

## Er allt í lagi á mínum bæ?

Með því að fara yfir atriðin hér á eftir má fá vísbindingar um hvort umgengni og ásýnd er til fyrirmyndar eða hvort úrbóta er þörf.

	Í lagi	Þarfnast lagfæringa	Ekki í lagi
Ásýnd frá vegi			
Aðkoma og aðgengi að búinu			
Ástand girðinga og hliða			
Umhirða túna			
Íbúðarhús			
Umgengni íbúðarhúss			
Útihús			
Umgengni útihúsa			
Vélageymsla			
Umgengni vélageymslu			
Geymslusvæði fyrir hey			
Uppröðun véla og tækja			
Laust rúlluplast			
Olíuúrgangur og hreinsiefni			
Sorpmál			
Lýsing			

# ÖRYGGI OG VINNUVERND Í LANDBÚNAÐI

## VILT ÞÚ FARA YFIR STÖÐUNA Á ÞÍNU BÚI MEÐ RÁÐGJAFI?

Bændasamtök Íslands í samvinnu við búnaðarsambönd bjóða upp á heimsóknir ráðgjafa til bænda þar sem farið er yfir ýmis öryggis- og vinnuverndarmál.

## Í HEIMSÓKNINI FELST EFTIRFARANDI:

- Farið yfir öryggismál á búinu og bændur svara spurningalista sem lagður er fyrir.
- Farið er í útihús og rætt um vinnuáðstæður og aðbúnað. Gengið er um vinnustaðinn og þau atriði metin sem máli skipta. Farið er yfir aðstöðu í gripahúsum, vélar og ástand þeirra, reynt að finna út hvort það séu hindranir á daglegum leiðum, fallhætta eða annað slíkt. Farið er yfir loftræstingu, lýsingu, brunavarnir og hvort allir útgangar séu greiðir, bæði fyrir menn og skepnur.
- Rætt um ásýnd húsa, girðingar og aðgengi úti við.
- Hitamyndavél er notuð til að kanna ástand á raftækjum og lögnum.
- Gátlisti er gerður og tillögur til úrbóta ræddar við bóndann og sett markmið um viðbrögð.
- Eftir heimsóknina er unnið úr gögnum og þau síðan send bóndanum netleiðis.
- Markmiðið er að ábúendur geti farið yfir gátlistann og notað hann sem leiðbeiningar til úrbóta.

**Tilgangur heimsóknarinnar er ekki eftirlit heldur að aðstoða bændur við að gera betur í öryggis- og vinnuverndarmálum á búinu. Markmiðið er að gera býlið öruggara sem vinnustað bóndans.**

Bændur greiða gjald eftir gjaldskrá hverju sinni en sum tryggingafélög niðurgreiða heimsóknina.

Ef að þú og þitt heimilisfólk hefur áhuga á að fá heimsókn, þar sem farið er yfir öryggis- og vinnuverndarmálin, vinsamlegast vertu í sambandi við þitt búnaðarsamband sem sér um að skipuleggja heimsóknirnar í samráði við ráðgjafa.



---

# VIÐ VITUM HVAÐ RÉTT TRYGGINGAVERND SKIPTIR MIKLU MÁLI

---

## REYNSLA OG SÉRÞEKING HJÁ VÍS

---

Þótt bændur hafi öryggi og vinnuvernd að leiðarljósi í störfum sínum er jafnframt mikilvægt að huga að eigin tryggingavernd.

**Örorkutrygging** vegna slysa er hagstæð og góð viðbót við slysatryggingu fyrir bændur því með henni fást bætur vegna örorku sem metin er yfir 16%. Kynntu þér einnig aðrar slysa- og sjúkratryggingar hjá VÍS ásamt líf- og sjúkdómatryggingum LÍFÍS.

---

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

**vís**